

## Athugið!

Næsti Pési kemur út  
**5. júní.** Efni þarf að  
berast fyrir **3. júní.**

## Bræður á leikskóla

Það gerist ekki oft að fjórir bræður séu á leikskóla á sama tíma. Sú er þó staðan núna í Leikskólanum Undralandi.

Bræðurnir Emil 6 ára, Mattías Ari 4 ára, Eysteinn Helgi og Hafþór Atli rúmlega eins árs eru nú á leikskóla saman. eru þeir frá Birtingaholti, synir Dagnýjar Lilju Birgisdóttur og Heimis Sigurðssonar.

Það er gaman að sjá að hér fjölgar í yngstu hópnum en til gamans má geta þess að samkvæmt íbúatalinu eru 9 börn í Hrunamannahreppi fædd 2025, 14 árið 2024, 13 árið 2023, 13 árið 2022 og 11 árið 2021.

Í tilvonandi 1. bekk verða svo 9 börn. Það virðist því vera ljóst að með sama áframhaldi er nauðsynlegt að fjölga hér leikskólaplássum en undirbúningur að stækkun leikskólans er þegar hafinn.



## Prívíddarprentari í Flúðaskóla

Það er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast í Flúðaskóla. Nú hefur bæst í tækjakostinn en Flúðaskóli hefur tekið í notkun prívíddarprentara sem mikil ánægja er með og er prentarinn þegar kominn í heilmikla vinnu.

Það verður gaman að fylgjast með skapandi starfi nemenda í framtíðinni.

Á myndinni má sjá sveitarstjórnann og skólustjórnann dást af nýja prentaranum.

# Sumar hátíða og framkvæmda

Vorið er farið að minna á sig hér í Hrunamannahreppi, þótt yfirstandandi kuldakafli mætti nú sannarlega fara að láta undan síga sem allra fyrst. Við erum mörg orðin löngu tilbúin fyrir hlýrri daga, grænni tún og þá sérstöku orku sem fylgir vorkomunni í sveitinni. Þrátt fyrir kuldann er samt ekki um að villast: vorið er komið og allt í kringum okkur er lífið að vakna.



Sauðburður er kominn á fullt skrið á bæjum sveitarinnar og þar er annríki dag og nótt. Fyrstu földin eru að líta dagsins ljós en það er fátt sem boðar vorkomuna betur en einmitt ungiði á túnnum sveitarinnar.

Vorverkin eru líka handan við hornið og þá þarf að huga að hreinsun á okkar nánasta umhverfi. Því eru allir hvattir til að huga að útliti og umgengni við hús og garða

Enda viljum við á afmælisári gjarnan sýna okkar bestu hliðar okkur sjálfum til ánægju og gleði en einnig viljum við að gestir sjá okkar fallega sveitarfélag í sinni bestu mynd. Eitt af þeim verkefnum sem snúa að sveitarfélaginu er frágangur á leiksvæði Flúðaskóla sem ráðist verður í í sumar. Einnig má geta þess að garðsláttur verður með nýjum brag en í sumar munu sláttu-vélmenni sjá um slátt á grænum, opnum svæðum í sveitarfélaginu. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þar mun takast til.

Golfvöllurinn opnaði í vikunni en það er klárlega einn af vorboðunum þegar aftur sjást kylfingar röltu um völlinn. Í sumar verða mörg mót og fjölmennar æfingabúðir á vellinum og mun því fylgja þó nokkur fjöldi gesta á öllum aldri. Það er fagnaðar efni rétt eins og körfuboltaþúðirnar sem árlega eru hér haldnar við miklar vinsældir. Landsmenn tengja Flúðir og Hrunamannahrepp við gott veður og sumarstemningu og því eru svona viðburðir og þeir mörgu fleiru sem hér eru haldnir góð auglýsing fyrir sveitarfélagið.

Af málefnum sveitarfélagsins er helst að nefna að sveitarfélögin í Uppsveitum Árnassýslu hafa selt Bláskógabyggð hlut sinn í Laugarásjörðinni. Hlutur Hrunamannahrepps nam 84 milljónum króna. Munu þeir fjármunir nýtast vel til uppbyggingar hér heima fyrir.

Framundan eru framkvæmdir við sundlaugin okkar. Laugin verður lokuð frá miðjum maí og fram í miðjan júní vegna þess að skipta á um dúkinn í laugarkerinu. Þótt það verði vissulega óþægilegt fyrir sundgesti á meðan á lokun stendur, er þetta nauðsynlegt verkefni. Að framkvæmdum loknum verður laugarkerfið eins og

nýtt, sem er mikilvægt fyrir alla þá fjölmörgu sem nýta sér laugina, bæði íbúa og gesti. Með þessari endurnýjun er ljóst að sundlaugin verður ekki færð í bráð en aftur á móti er jafn ljóst að áfram þarf þá að vinna að endurbótum og uppbyggingu laugarinnar á núverandi stað. Er það skemmtilegt verkefni næstu sveitarstjórna.

Nýtt leiktæki, sem Ungmennaráð hefur valið verður sett upp í Lækjargarðinum á næstunni. Það er sérstaklega ánægjulegt þegar unga fólkíð fær að hafa áhrif á nærumhverfi sitt með þessum hætti og enn bætist í þá afþreyingu sem er í boði í hinum fjölsóttá Lækjargarði.

Skrifstofuhótel með aðstöðu fyrir fimm einstaklinga var opnað í liðinni viku og geta nú áhugasamir fengið aðgang að þeirri aðstöðu og fundarherberginu sem er á staðnum. Er það von sveitarstjórnar að aðstaðan verði vel nýtt svo endilega látið berast til áhugasamra að möguleikinn á fjarvinnu í góðu umhverfi sé nú til staðar á Flúðum.

Í lok maí er stefnt að malbikun á móttökustöðinni í Flatholti, lðjuslóð og lokafrágangi Röðulstanga, en þar á eftir að malbika gangstéttar og steypa kantsteina. Enn er í gildi 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum lóða við lðjuslóð en sú ákvörðun sveitarstjórnar hefur vakið athygli. Nú eru þrjár lóðir lausar þar til umsóknar.

Í tengslum við afmælishátíðina hefur verið ákveðið að fá Guðjón Kristinsson, útskurðarmeistara til að gera útskorna eftirmynd Þórshamarsins sem fannst í landi Foss árið 1910. Er Þórshamarinn einn merkasti forngripur þjóðarinnar og mun eftirmynd hans í framtíðinni prýða Lækjargarðinn. Verður verkið vígt á afmælishátíðinni 13. júní. Sveitarfélagið hefur fengið einnig fengið styrk, hálfá milljón, til að gera tvö söguskilti sem sett verða upp í miðbæ Flúða, einnig í tengslum við afmælishátíðina. Ætlunin er að gera þar Fjalla Eyvindi skil sem og Hrunamannahreppi sjálfum.

Á öðrum stað í Pésanum er fjallað um ársreikning Hrunamannahrepps árið 2025 og vil ég hvetja ykkur til að kynna ykkur niðurstöðu ársins. Það er ánægjulegt þegar vel gengur og gott fyrir íbúa þegar fjárhagur er í traustum skorðum.

En það er eins og alltaf nóg um að vera og enginn skortur á verkefnum. Hér hefur fátt eitt verið talið upp en endilega fylgist með heimasíðunni og samfélagsmiðlum þar sem upplýsingar birtast reglulega.

*Með vorkveðju  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri*

# Það borgar sig að flokka

Kannski vita ekki allir að sveitarfélagið fær greiðslur fyrir plast, pappír, málma og gler sem fer í endurvinnslu. Þessar tekjur geta nýst til ýmissa góðra verka í samfélaginu auk þess sem þær geta leitt til lægri gjalda fyrir íbúa vegna þessa mála-flokks.

Flokkun er því einföld leið fyrir heimili til að stuðla að betri nýtingu auðlinda og minni úrgangi. Með því að setja réttan úrgang í rétt ílát getur hvert og eitt heimili lagt sitt af mörkum til umhverfisins jafnt sem samfélagsins.

## Flokkun skiptir máli

Á síðustu árum hefur flokkun úrgangs orðið sífellt mikilvægari þáttur í daglegu lífi okkar allra. Hér hefur verið unnið markvisst að því að bæta flokkun og draga úr magni úrgangs sem fer til urðunar. Við hvert heimili er hægt að flokka plastum-búðir, pappír og pappa, matarleifar og blandaðan úrgang. Þá er hægt að fara með önnur efni líkt og gler og málma á grenndarsvæði eða á móttökustöðina Flatholti.

Heildargreiðslur til Hrunamannahrepps úr Úrvinnslusjóði vegna flokkunar íbúa árið 2025 eru rúmar 3 m.kr.

En við verðum að setja markið hærra og stefna að því að greiðslur úr Úrvinnslu-sjóði verði enn hærra á yfirstandandi ári.

**Fyrir kíló af pappa og pappír í heimatunnu greiðir Úrvinnslusjóður 114 kr. Sé þetta sama kíló sett í grenndarstöð þá eru borgaðar 53 kr. Ef kíló af plasti fer í heimatunnu þá fást 228 kr. Ef ef þetta sama plast fer á móttökustöðina í Flatholti þá eru greiddar 108 kr.**

Það er því til mikils að vinna að koma sem mestu í tunnurnar við heimahús. Þann-ig fæst mest greitt úr Úrvinnslusjóði og flokkun er þá líka með besta móti.

Nánari upplýsingar verða settar á samfélagsmiðla og heimasíðu fljótlega.

## Gámur til sölu á Flúðum

Til sölu er 40 feta gámur sem staðsettur er á Flúðum.  
Áhugasamir hafi sambandi við Þórhall í síma 899 3919.

# HIN ÁRLEGA MINKA LEIT ER FRAMUNDAN

Vinsamlegast fylgist með tilkynningum á Facebook þegar veiðimenn hreppsins láta vita þegar farið verður í gegnum um Flúðir. En einhverjir verða væntanlega varir við þá í sumarhúsabyggðum og dreifbýnu næstu vikurnar.

Þeir vilja gjarnan fá ábendingar ef að einhverjir hafa orðið varir við mink nýlega eða vita um svæði sem þeir eiga það til að halda sig á.

Allar upplýsingar eru vel þegnar á netfangið grayriverhunting@gmail.com.



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum

Sími 861 9682



## Grænna land ehf.

Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðaúðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala

Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufyræðingur

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is



## Sundlaugin á Flúðum

Lokað vegna viðgerða frá 10. maí til 12. júní

## Tækjasalur á Flúðum

Opnunartími tækjasals:

Á virkum dögum:

kl. 6:00-14:00 án starfsmanns  
kl. 14:00-20:00 með starfsmanni

Um helgar:

kl. 6:00-20:00 án starfsmanns

Vinsamlegast athugið að gengið er inn á neðri hæð, bílastæðamegin.

Árskort sem gilda í sundlauginna, íþrótt- og tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins 22.500 kr. Minnum á að hjá flestum stéttarfélagum er hægt að sækja um styrk.

# Stóra upplestrarkeppnin

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninar í Árnesþingi var haldin í Flóaskóla þann 27. apríl síðastliðinn. Keppnin er árlegur viðburður í skólastarfi en þar gefst nemendum 7.bekkjar tækifæri til að þjálfa og efla upplestur og framkomu. Þátttakendur voru alls tólf og komu úr sex grunnskólum, Bláskógaskóla, Flóaskóla, Flúðaskóla, Kerhólsskóla, Reykhólsskóla og Þjórsárskóla.



Nemendur höfðu greinilega undirbúið sig vel fyrir þessa áskorun og sýndu mikla færni og öryggi þegar þeir lásu úr völdum bókmenntaverkum. Þriggja manna dómnefnd valdi svo þá þrjá nemendur er þóttu skara fram úr í upplestrinum.

Hilmir Dreki Guðmundsson nemandi í Kerhólsskóla hlaut fyrsta sætið, Aron Gunnar Bjarnason Flúðaskóla var í öðru sæti og Þorbjörg Ásta Hallbjarnardóttir Kerhólsskóla í þriðja sæti.

Við óskum öllum þátttakendum til hamingju með flotta frammistöðu í þessu skemmtilega verkefni.

## MINILIK

## EPÍÓPISKUR VEITINGASTAÐUR Á FLÚÐUM

Við fögnum 15 ára afmælisári Miniliks með spennandi nýjungum.

Framvegis verður opið á miðvikudögum frá kl. 12:00–21:00.

Aðra daga er hefðbundin opnun.

Á miðvikudögum verða engar dýraafrúðir í boði.

Í Epíópíu er hefð fyrir föstu á miðvikudögum og föstudögum og með þessu viljum við færa brot af þeirri menningu inn á veitingastaðinn okkar.

**Sérstakt epíópískt þema næstu sunnudaga**

10., 17., 31. maí og 7. júní | Opið frá kl. 12:00–15:00

**Kokkurinn velur réttina á plattana og í boði verða:**

Grænmetisplattar • Kjötplattar • Blandaðir plattar (kjöt og grænmeti)

Panta þarf með minnst eins dags fyrirvara í síma 846 9798.

Nánari upplýsingar má nálgast í sama símanúmeri.



# Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga 16. maí

Hægt er að kjósa utan kjörfundar á eftirfarandi stöðum:

## Ráðhúsi Hrunamannahrepps

(efri hæð í Félagsheimili)

### Opnunartími skrifstofu sveitarfélagsins:

Mánudagar – fimmtudagar 09:00–12:00 og 13:00–16:00  
Föstudagar 09:00–12:00

## Embætti Sýslumannsins á Suðurlandi – Selfossi

Hörðuvöllum 1, Selfossi

### Opnunartímar vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu:

11.–13. maí (mánudagur–miðvikudagur) 09:00–18:00  
Laugardagana 2. og 9. maí 10:00–12:00  
Uppstigningardag, 14. maí 10:00–14:00  
Föstudaginn 15. maí 09:00–20:00  
Kjördag, 16. maí 11:00–15:00

**Sveitarstjórnarkosningar fara fram laugardaginn 16. maí.**

**Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.**

**Kosið verður í Félagsheimili Hrunamanna - Hrunamannavegi 5.**

Talning atkvæða fer fram á sama stað að loknum kjörfundi.

Kjósendur eru minntir á að hafa með sér persónuskilríki.

## 1150 ára afmælisdagskrá

Takið frá laugardaginn 13. júní næstkomandi en þá verður hátíð í tilefni af 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps. Hátíðardagskrá, veitingar, leiktæki, víkingar, tónleikar og margt fleira. Dagskráin verður nánar auglýst síðar.

Allir hjartanlega velkomnir, vonumst til að sjá sem flesta.

Afmælisnefndin



# Auglýsing frá kjörstjórn Hrunamannahrepps

Sveitarstjórnarkosningar í Hrunamannahreppi 16. maí 2026

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22.00.

Kosið verður í Félagsheimili Hrunamanna - Hrunamannavegi 5.

Talning atkvæða fer fram á sama stað að loknum kjörfundi.

Kjósendur eru minntir á að hafa með sér persónuskilríki.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps,  
Helgi Jóhannesson, Esther Guðjónsdóttir og Magnús Víðir Guðmundsson


## Tveir framboðslistar verða í kjöri:

### D-listi Sjálfstæðismanna og óháðra

- Jón Bjarnason - Skipholti 3, bóndi/oddviti
- Bjarney Vignisdóttir - Auðsholti 6, hjúkrunarfræðingur
- Ragnar Lúðvík Jónsson - Ásastíg 12 b, viðskiptafræðingur/leiðsögumaður
- Katrín Þorvaldsdóttir - Mýrarstíg 3, kennari
- Bjarni Arnar Hjaltason - Borgarási 2, starfsmaður UTU
- Elísabet Finnbjörnsdóttir - Ásastíg 4a, bílstjóri
- Zuzanna Szczygiel - Austurhofi 1a, verslunarstarfsmaður
- María Magnúsdóttir - Vesturbúrún 23, verslunarstjóri
- Elvar Harðarson - Austurhofi 4, starfsmaður Gröfufækni
- Herbert Hauksson - Unnarholtskoti 2, framkvæmdastjóri

### L-listinn

- Daði Geir Samúelsson - Fannborgartanga 12, rekstrarstjóri Sólskins grænmetis
- Rakel Ósk Kristófersdóttir - ótilgreint heimilisfang, verslunarstjóri
- Hjalti Sigurðsson - Skollagróf, aðstoðarvarðstjóri
- Margrét Sævarsdóttir - Kotlaugum 3, kennari
- Þórmundur Smári Hilmarsson - Syðra-Langholti 11, rafvirki
- Katarina Sand - Dalbæ 1, dýralæknir
- Damian Józefik - Högnastíg 6, þjónn
- Lilja Helgadóttir - Austurhofi 5, sjúkraliði/viðskiptafræðingur
- Davíð Logi Ingvarsson - Kópsvatni 1, vélvirkjameistari
- Stefán G Arngrímsson - Ásastíg 1, skipstjóri



**HUGMYND**

## TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

**Högnastíg 14**

**845 Flúðir**

**flight@simnet.is**

**Sími 699 0757**




**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



**BORGTHOR EHF**  
*Öll almenn gröfujónusta.  
Útvegum allar gerðir  
fyllingarefna*



**Bubbi 899-0816**  
**Margrét 699-4001**

*Fóttaæðgerðastofa*  
**Öddu Siggu**

*Miðfelli 2a*

Tímappantanir í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

### Heilsugæsla Uppsveita

Heilsugæsla Uppsveita er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímappantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.

# Ársreikningur Hrunamannahrepps 2025

Við lok þessa kjörtímabils er ánægjulegt að niðurstaða ársreiknings Hrunamannahrepps, A- og B-hluta, sé jafn góð og raun ber vitni. Niðurstaðan sýnir að rekstur sveitarfélagsins er í góðu jafnvægi og að sú uppbygging, jákvæðni og kraftur sem einkennt hefur sveitarfélagið á undanförunum árum er að skila sér bæði í traustari rekstri og betri þjónustu við íbúa.

Íbúum hefur fjölgað verulega á kjörtímabilinu og mikið hefur áunnist í uppbyggingu húsnæðis, bæði í dreifbýlinu sem og í þéttbýlinu á Flúðum. Með öflugri innviðauppbyggingu og sterkum fyrirtækjum hefur verið lagður góður grunnur að áframhaldandi traustum rekstri sveitarfélagsins. Þá má ekki gleyma mikilvægu framlagi starfsmanna sveitarfélagsins, sem með fagmennsku og metnaði hafa tryggt að þjónusta við íbúa sé eins góð og raun ber vitni.

## Hagnaður 208 m.kr.

Rekstrarhagnaður samstæðu A- og B-hluta nam 208 m.kr. á árinu 2025, sem er ein besta rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins í áraaðir. Annað árið í röð voru engin ný langtímalán tekin, þrátt fyrir verulegar fjárfestingar og áframhaldandi niðurgreiðslu skulda.

Rekstrarafkoma A-hluta var jákvæð um 170 m.kr., sem er 47 m.kr. betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Lykiltölur rekstrar 2025	Fjárhæð
Rekstrarhagnaður A- og B-hluta	208 m.kr.
Rekstrarafkoma A-hluta	170 m.kr.
Heildartekjur A- og B-hluta	1.999 m.kr.
Heildargjöld A- og B-hluta	1.589 m.kr.
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	305 m.kr.
Framlegð frá rekstri, EBITDA	410 m.kr.
EBITDA sem hlutfall af tekjum	20,5%
Veltufé frá rekstri	372,6 m.kr.
Veltufé sem hlutfall af tekjum	18,6%
Handbært fé frá rekstri	318 m.kr.

## Fjárfest fyrir 573,7 m.kr.

Bókfærðar fjárfestingar ársins 2025 námu 573,7 m.kr. Eins og áður sagði voru engin ný langtímalán tekin á árinu, en afborganir langtímalána námu 110,3 m.kr. Tekjur af gatna-gerðargjöldum námu 129,5 m.kr.

Sveitarfélagið hefur á kjörtímabilinu fjárfest ríkulega í innviðum, en heildarfjárfesting líðandi kjörtímabils nemur um 1.800 m.kr. Þessar fjárfestingar hafa skipt miklu máli fyrir áframhaldandi uppbyggingu og þjónustu í sveitarfélaginu.

Í árslok var skuldaviðmið samstæðu A- og B-hluta 70%, sem er langt undir lögbundnu

skuldaviðmiði sveitarfélaga. Skuldaviðmið A-hluta var 45%. Sú staða endurspeglar sterkan fjárhag og svigrúm til áframhaldandi uppbyggingar.

## Batnandi afkoma B-hluta

Afkoma B-hluta fyrirtækja hefur batnað og er það afar ánægjulegt.

Hitaveita Flúða skilaði jákvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 19,6 m.kr. Þá hefur orðið viðsnúningur í rekstri Hrunaljóss, þar sem tap minnkar ár frá ári og nam nú aðeins 1 m.kr. Vatnsveitan skilar einnig mun betri afkomu en áður.

Ljóst er að fjölgun íbúa og aukin uppbygging húsnæðis er farin að skila sveitarfélaginu meiri tekjum. Það styrkir rekstrargrundvöll sveitarfélagsins og skapar betri forsendur til að veita góða þjónustu til framtíðar.

## Horft til framtíðar

Niðurstaða ársreiknings 2025 gefur fulla ástæðu til bjartsýni. Sveitarfélagið stendur traustum fótum, reksturinn er sterkur og fjárfestingar síðustu ára hafa styrkt innviði samfélagsins verulega.

Það er mikilvægt að muna að sterkir innviðir, gott samfélag og jákvæð þróun skapa góðar forsendur fyrir áframhaldandi vöxt og engin ástæða til annars er að horfa bjartsýnum augum til framtíðar því möguleikarnir eru svo sannarlega til staðar hér í Hrunamannahreppi.

---

# Ný skrifstofuaðstaða opnuð

Nýtt skrifstofuhótel hefur verið opnað í Félagsheimilinu á Flúðum. Þar er boðið upp á góða vinnuaðstöðu fyrir alla sem þurfa sveigjanlegt rými til vinnu, hvort sem er fyrir fjarvinnu, eigin rekstur eða önnur verkefni.



Sé keyptur aðgangur er hægt að nýta aðstöðuna allan sólarhringinn. Á staðnum er einnig fundarherbergi sem hægt er að nota fyrir fundi, fjarfundi og annað samstarf.

Með þessari aðstöðu skapast nýr valkostur fyrir fólk á Flúðum og nágrenni sem vill vinna í faglegu og aðgengilegu umhverfi nærri heimili sínu.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband og fá nánari upplýsingar með því að hafa samband við Ráðhúsið í síma 480 6600. Gjaldskrá má finna á [fludir.is](http://fludir.is).



**VISSIR ÞÚ AÐ...** þú getur keypt gjafir fyrir börn og barnavörur í VISS kjallaranum okkar?

## HREPPAMAÐUR MÁNAÐARINS

Hreppamaður mánaðarinn er viðtal við einstakling sem býr í Hrunamannahreppi en sem er ekki endilega fæddur og uppalinn í hreppnum. Skemmtileg leið til að kynna sveitungum okkar.

**Hvað heitir þú og hvar áttu heima?** Ég heitir Kaisu Hynninen og ég bý með fjölskyldu minni í Skollagróf

**Hvað hefur þú búið lengi í Hrunamannahreppi?** Ég hef búið hér í Hrunamannahrepp í 2,5 ár

**Við hvað ertu að starfa?** Ég kenni tónmennt í skólanum og í leikskólanum.

**Uppáhaldsstaðurinn þinn í Hrunamannahreppi?** Uppáhaldsstaðurinn minn er gufusauna í sundlauginni.

Hvað er það besta við Hrunamannahrepp? Fjölbreytt úrval af bókum í bókasafninu okkar.

**Finnst þér þú vera Hreppamaður?** Þetta er ferli sem tekur tíma en ég hef allavega sterklega byrjað.



## Fróðleiksmoli

Ísland var síðasti staðurinn á jörðinni þar sem menn settust að. Ísland er þekkt sem eitt yngsta meginland jarðarinnar og var einn af síðustu stöðum jarðarinnar þar sem menn settust að. Ótrúlegt en satt, fyrir meira en 1.100 árum fundu víkingar frá Noregi Ísland fyrir tilviljun.

# Indverskur Paneer í Tikka masala sósu með naan-brauði



Else Nielsen er matgæðingur mánaðarins, en hún stekkur inn fyrir Cirilu Rós sem kemur sterk inn í næsta Pesa.

Þegar börnin mín koma heim og fá að ákveða hvað er í matinn, er oft óskað eftir indverskum rétti sem kallast Paneer í Tikka Masala sósu. Paneer er indverskur ostur sem hægt er að elda á ýmsa vegu og er frábær í matargerð.

Paneer-osturinn fæst stundum í Costco eða í framandi austurlenskum verslunum í Reykjavík, en það er líka mjög einfalt og best að búa hann til sjálfur. Þessi uppskrift er sérlega þægileg þar sem sósan er keypt tilbúin í Krambúðinni. Hún bragðast einstaklega vel þegar maður hefur ekki allan heimsins tíma til að elda frá grunni.

## Paneer í Tikka Masala sósu fyrir 4

### Ostur:

3 L nýmjólk

Safi úr 1 sítrónu eða 1 dl edik

Byrjaðu á að útbúa ostinn.

Settu mjólkina í stóran pott og láttu suðu koma rólega upp. Hrærðu vel í annað slagið til að brenni ekki við á meðan að suðan er að koma upp.

Þegar mjólkinn byrjar að sjóða setur þú safann úr sítrónunni/ edik út í og lætur sjóða í 2-3 mínútur. Mjólkinn fer að ysta og á meðan hún sýður þá þéttist allt og vökvinn verður hreinni. Þegar vökvinn er orðinn næstum glær, eða ekki mjólkurlitaður, og mjólkinn komin í góð stykki þá hellirðu úr pottinum í sigti sem er klætt að innan með grisjuklút. Það er mjög sniðugt að geyma vökvann, þú getur notað hann til að þynna sósunu í réttinum á eftir – þú getur líka kælt hann, hrært þínu hunangi út í og drukkið með klaka. Mjög hollt!.

Nú er komið að því að pressa ostinn. Þú þarft að vinda vel allan vökva úr honum, koma honum svo fyrir á bretti eða disk og fergja. Mér finnst ágætt að setja annað þungt bretti ofan á og svo þar ofan á steikarpönnu eða þungan pott. Þetta þarf að pressast svona í 10-15 mínútur. Ekki of lengi þá verður osturinn of þurr. Þú getur valið að gera ostinn daginn áður en þú eldar, eða rétt á undan.

Þegar osturinn er tilbúinn þá tekur þú hann úr grisjuklútnum og skerð í bita, hellir sósan yfir og svo inn í ofninn rétt til að hita upp. Rétturinn er svo borinn fram með soðnum hrísgrjónum og nýbokuðu naan-brauði með nógu af hvítlauks-smjóri.



## Fréttir frá Félagsmiðstöðinni Zero:

# Vel heppnað USSS og spennandi tímar fram undan

Félagsmiðstöðvastarf á Suðurlandi var í brennidepli í mars þegar USSS 2026 fór fram með glæsibrag á Flúðum. USSS er söngkeppni og ball þar sem félagsmiðstöðvar svæðisins koma saman. Í ár fengum við í Félagsmiðstöðinni Zero það verkefni að halda viðburðinn. Skipulag hófst sex mánuðum fyrr og tókst einstaklega vel.



Mikil ánægja var meðal forstöðumanna og þátttakenda, þar sem fagmennska, öryggi og velferð barna voru í fyrirrúmi. Þó þurfti að fresta viðburðinum frá 20. mars til 21. mars vegna veðurs, en með stuttum fyrirvara sýndu allir aðilar frábæra samstöðu svo allt gæti gengið vel fyrir sig. Tvístrurinn á Hvolsvelli og Þrykkjan á Höfn í Hornafirði sigruðu söngkeppnina, og Hljómsveitin Sunnanó ásamt Joey Christ sáu um að halda uppi mikilli stemningu á ballinu.

Í vikunni á eftir var aðalfundur Samfés (landssamtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa) haldinn á Akureyri. Ég, Þórarinn Guðni forstöðumaður Zero hlaut kjör til stjórnar samtakanna næstu tvö árin.

Hrunamannahreppur hefur stutt við setu mína í stjórn, það er frábært að vinna fyrir sveitarfélag sem styður svo vel við okkur sem störfum fyrir hagsmunum frítímans!



Starf félagsmiðstöðva gegnir lykilhlutverki í að efla félagsfærni, ábyrgð og sjálfstæði ungmenna í jákvæðu og styðjandi umhverfi. Þar fá þau tækifæri til að prófa sig áfram, rækta hæfileika sína og mynda sterk tengsl við jafningja og samfélagið á eigin forsendum.

Ég hlakka til að nýta krafta mína í þágu félagsmiðstöðva á Íslandi og til áframhaldandi þróunar fagvettvangsins.

*F.h. félagsmiðstöðvarinnar Zero  
Þórarinn Guðni Helgason*

# Undraland í námsferð til Helsinki

Starfsfólk Undralands fór nýverið í afar fróðlega og skemmtilega námsferð til Helsinki í Finnlandi. Markmið ferðarinnar var að kynna starfsháttum finnskra leikskóla og sækja innblástur til okkar eigin starfs.

Á fyrsta degi heimsóttum við eyjuna Suomenlinna, þar sem við skoðuðum skólabúðir sem finnsk börn

sækja og dvelja í, í nokkra daga í senn. Þar fengum við að taka þátt í skemmtilegum ratleik um eyjuna, sem gaf okkur hugmyndir að fjölbreyttum verkefnum og samvinnuæfingum sem hægt er að nýta með börnum. Það var bæði fræðandi og skemmtilegt að upplifa hvernig þau flétta náminu inn í leik og hreyfingu.

Leiðsögukonan okkar kynnti okkur einnig fyrir ýmsum áhugaverðum stöðum í Helsinki. Meðal annars heimsóttum við safn sem er sérstaklega ætlað börnum. Þar fengum við innsýn í líf fyrri tíma; skoðuðum gamlar skólastofur, leikföng og heimili eins og þau litu út áður fyrr. Safnið vakti mikinn áhuga og gaf okkur góðar hugmyndir að því hvernig hægt er að miðla sögu og menningu á lifandi og aðgengilegan hátt fyrir börn.

Á öðrum degi heimsóttum við leikskóla í Kerava sem staðsettur er við skóg sem er mikið nýttur í útikennslu. Þar fengum við að skoða leikskólann og fræðast um þeirra starf. Við fylgdumst með útikennslu og tókum þátt í starfinu með börnunum. Við lærðum um verkefnið sem þau vinna og þær áskoranir sem fylgja útikennslu hjá þeim. Til dæmis þarf að hafa varann á gagnvart ákveðinni eitradri snáategund sem finnst á svæðinu, sem var áhugavert að heyra um þar sem slíkt er ekki hluti af okkar daglega starfi. Börnin eru því ávallt vel útbúin í skóginum og talað um að útifötin séu þeirra vinnuklæðnaður.

Við vorum öll sammála um að starfshættir leikskólans og áherslur í útikennslu væru að mörgu leyti svipaðar því sem við þekkjum úr okkar eigin starfi í Undralandi. Það var ánægjulegt að sjá að við erum á réttri leið og að starf okkar stenst vel samanburð við það sem gerist í finnskum leikskólum.

Ferðin var í alla staði mjög vel heppnuð, bæði lærdómsrík og hvetjandi. Við komum heim með nýjar hugmyndir og aukinn kraft til að halda áfram að þróa starfið okkar til hagsbóta fyrir börnin.



# Félagsheimilið

# BÓKASAFN

## LIBRARY

### Opnunartími - Opening hours

Mán / Mon 10-16

Þrið / Tue 10-16

Mið / Wed 10-18

Fim / Thu 10-16

Fös / Fri 12-15

*Lokað í hádeginu (12-13) - Closed during lunchtime (12-13)*

